

ÁSKORUN til alþingismanna

Frá 23
aðildarsamtökum
Samstarfsráðs um forvarnir

vegna frumvarps um að afleggja einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis og gefa smásölu áfengis frjálsa að ákveðnu marki.[1]

- Fyrir Alþingi liggur þingmannafrumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis) - 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 17 - 17. mál. Með frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki gefin frjáls.
- Hér er um að ræða tillögu sem varðar mikla samfélagslega hagsmuni. Við förum þess á leit að fulltrúar okkar á Alþingi tryggi henni vandaða málsmeðferð sem byggir á langtímastefnumörkun í forvörnum og lýðheilsu.
- Við förum þess á leit að fulltrúar okkar á Alþingi kynni sér af kostgæfni möguleg áhrif frumvarpsins á lýðheilsu og þjóðarhag og byggi afgreiðslu þess á rannsóknum, ráðgjöf og upplýsingum sérfræðinga í lýðheilsuáttum, áfengis- og vímuefnamálum og, ekki síst, þeirra sem sinna málefnum ungmenna.
- Áfengisneysla er meðal sterkustu áhættuþátta lýðheilsu, samanber mat Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.[2] Kostnaður samfélagsins vegna neyslu áfengis birtist víða, m.a. í heilbrigðiskerfinu, löggæslu- og dómkerfinu, tryggingakerfinu og atvinnulífinu svo dæmi séu nefnd. Að ógleymdum áhrifum á einstaklinga, fjölskyldur og nærsamfélag.
- Í nýlegri bók sem leiðandi vísindamenn á sviði áfengis- og vímuefnamála tóku saman um fyrirliggjandi niðurstöður rannsókna í áfengis- og vímuefnamálum kemur fram að aukið aðgengi/framboð á áfengi leiðir til aukinnar neyslu.[3] Af þessu er ljóst að áfengi er engin venjuleg söluvara sem hægt er að setja eingöngu í afmarkað markaðs- og viðskiptasamhengi.
- Við vekjum athygli á að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands segir að bætt lýðheilsa og forvarnastarf verði meðal forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar. Í samræmi við það hefur verið sett á fót ráðherranefnd um lýðheilsuáttum undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra sem hefur það meginhlutverk að vinna drög að heildstæðri stefnumótun og aðgerðaráætlun sem hefur það að markmiði að efla og bæta lýðheilsu á öllum aldurskeiðum en með sérstakri áherslu á börn og ungmenni. Nefndin skal skila heilbrigðisráðherra tillögum sínum eigi síðar en í árslok 2015.

- Stjórnvöld, sveitarfélög og fjölmörg almannasamtök hafa með stefnumörkun og beinum aðgerðum unnið markvisst að því að draga úr áfengisneyslu íslenskra ungmenna með góðum árangri. Þeim árangri má ekki stofna í hættu. Við hvetjum því alþingismenn til þess að fella frumvarpið eða vísa því til ofangreindra nefnda til umfjöllunar.**

 samstarfsráð um forvarnir



Heimili og skóli



KRABBAMEINSFÉLAGIÐ



UMFI



Skátarnir



Kvenfélagasamband Íslands



Samhjálp



SAMFES



brautin
brotlausnarmáttak
Brotlausnarmáttak



IOGT ÍSLANDI



BÍTT ÁFRAM!



LIONS ÍSLANDI



FIET - Háttíð Íslenskra atvinnuleysis- og tómsundastarfs.



IOGT



VÍKLAUS RÁÐGJAFI



LÍFSYNN
Forvarnir - Fræðsla



HIV ÍSLAND
RÁÐGJAFI - VÍSINDAMENN



VERND
Faghljúp



Foreldrasamtök ungra áfengisáskilvísingum



0%



SSB



FRÆ
FRÆÐSLA DE FORVARNIR

Samstarfsráð um forvarnir, er samstarfsvettvangur 23 félagasamtaka sem vinna að áfengis-, tóbaks- og vímuefnaforvörnum á vettvangi mannræktar, velferðar, félagsmála, samfélagsþróunar, uppeldis- og skólamála, íþróttamála og tómsundastarfs. Samstarfið byggist á virðingu fyrir fjölbreytni, ólíkri aðkomu samtaka í forvörnum og mismunandi áherslum.